

# Erindisbréf fjallskilastjóra Þingeyjarsveitar

## 1. gr.

Fjallskilastjórar í Þingeyjarsveit eru skipaðir af sveitarstjórn, kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar. Fjallskilastjórar starfa eftir lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og Fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps frá nr. 760/2023 frá 17. Júlí 2023

## 2. gr.

Um hlutverk fjallskilastjóra

- Fjallskilastjóri hefur á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála innan þeirrar fjallskiladeildar sem hann stjórnar.
- Fjallskilastjóri getur í samráði við sveitarstjórn valið sér samstarfsmenn einn eða fleiri, sem þá teljast ásamt honum stjórn viðkomandi fjallskiladeildar.
- Fjallskilastjórar skulu sameiginlega ákveða gangna- og réttardaga í Þingeyjarsveit. Skal þeirri ákvörðun lokið fyrir 1.ágúst ár hvert. Við ákvarðanatökuna skal höfð hliðsjón af öðrum gangna- og réttardögum innan fjallskilasvæðis.
- Hver fjallskilastjóri skal halda sérstaka fjallskilabók. Þar skal skrá allt er við kemur fjallskilamálum viðkomandi fjallskiladeildar, þar á meðal landfræðileg mörk fjallskiladeildarinnar.
- Fjallskilastjórar stjórna í umboði sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar og samkvæmt 8. grein fjallskilasamþykktar hvenær má hefja upprekstur í afrétt að vori.
- Hver fjallskiladeild skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa. Fjallskilastjóri ber ábyrgð á reikningsfærslu fjallskilasjóðs, innheimtum og gjöldum nema sveitarstjórn ákveði annað. Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.
- Fjallskilastjóri skal fylgjast með ástandi girðinga og afréttarvega á fjallskilasvæðinu og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
- Fjallskilastjórar skulu í samráði við sveitarstjórn gríp til ráðstafana, meti Landgræðsla ríkisins ástand afréttar á þann veg að þar þurfi bætt meðferð.

## 3. gr.

Fjallskilastjórar í Þingeyjarsveit skulu funda, fyrir lok maí ár hvert, með formanni atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Samþykkt á 18. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar 10. febrúar 2025

*Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt á 55.fundi sveitarstjórnar þann 13. Febrúar 2025.*